

Drög um „Lög um flokkun og mat á ull”

Kafli I. Um flokkun og mat á ull.

Flokkun og mat á óþveginni ull.

■ 1. gr.

☐ Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og selja á, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt reglum og stöðlum sem kaupendur og seljendur semja um í samstarfi við ullarmatsnefnd. Markmið er að ná sem mestu verðmæti ullar hverju sinni fyrir bæði kaupendur og seljendur.

Ullarviðskipti – ullarskil, flokkun, mat og ákvörðun ullarmatsnefndar.

■ 2. gr.

☐ Framleiðendur ullar skulu flokka og skila ullinni í merktum umbúðum samkvæmt leiðbeiningum kaupanda. Kaupanda er heimilt að meta ullina og breyta flokkun ef þurfa þykir. Kaupandi skal senda rafræna skýrslu um allar breytingar á flokkun innsendrar ullar til framleiðanda. Framleiðandi getur leitað til ullarmatsnefndar um ósamkomulag við slíkt ullarmat. Meirihluta ályktun ullarmatsnefndar er endarleg í slíkum málum.

II. kafli. Um starfsmenn við ullarmat.

Löggilding matsmanna ullar.

■ 3. gr.

☐ Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn er hafa góða þekkingu á ull og reynslu á öllu er varðar meðferð vörunnar og mat á þeim. Þá skal liggja fyrir faglegt samþykki meirihluta ullarmatsnefndar um að starfsmaður hafi nægilega þekkingu og reynslu.

Yfirmat á ull.

■ 4. gr.

☐ [Ráðherra] ¹⁾ skipar þriggja manna ullarmatsnefnd. Einn aðili skal tilnefndur af [Bændasamtökum Íslands], annar af ullar kaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

☐ Ágreiningi út af ullarmati er heimilt að skjóta til nefndar skv. 1. eða 2. mgr. sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst nefndinni. Að öðru leyti skal hlutverk nefndarinnar vera að veita fræðslu um flokkun, meðferð og framkvæmd mats á ull. Matsmönnum er skylt að hlíta mati í samræmi við fyrimæli ullarmatsnefndar.

III. kafli. Ýmis ákvæði.

Kostnaður.

■ 5. gr.

☐ Kostnaður af starfi ullarmatsnefnda greiðist úr ríkissjóði en kostnað af starfi matsmanna greiða viðkomandi afurðastöðvar.